

### Námsáætlun í kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræði fyrir 6. bekk 2011-2012

Tímabil: 23. ágúst - 1. júní

1 kennslustund á viku

Kennarar: Katrín M. Þorbjörnsdóttir 6.KMP og Unnur Valgeirsdóttir 6.UV

#### Markmið

Markmið í kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræði eru í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla.

Nemandi

- ~ þekki grundvöll kristinnar sköpunartrúar og geri sér ljósa ábyrgð mannsins á sköpunarverkinu, sjálfum sér og náunga sínum
- ~ fái tækifæri til að ræða mismun á trú og vísindum í tengslum við sköpunartexta Biblíunnar
- ~ kynnist dómara- og konungatímabilinu í sögu Ísraelsþjóðarinnar þar til ríkið klofnar, speki Salómons og sálum Davíðs
- ~ komist í kynni við jólaguðspjall Jóhannesar og merkingu tákanna ljós og orð, skilji hvers vegna Jesús var kallaður sonur Davíðs með tilvísun í Messíasarspádóma Gamla testamentisins
- ~ kynnist og geti dregið lærdóm af nokkrum af dæmisögum Jesú, m.a. um synina tvo, kvöldmáltíðina miklu, sáðmanninn, mustarðskornið og súrdeigið
- ~ þekki atburði páskadags, hina kristnu upprisutru og viðbrögð lærisveina Jesú við dauða hans og upprisu
- ~ geri sér grein fyrir því hvaða þýðingu krossdauði Jesú og upprisutruin hefur fyrir kristna menn
- ~ öðlist þekkingu á atburðum hins fyrsta hvítasunnudags og kynnist frumsöfnuðinum, m.a. með frásögum af gjöf heilags anda, Stefáni píslarvotti og köllun Sals frá Tarsus, og skilji tengsl tilbeiðslu og guðsþjónustu frumsafnaðarinnar við kristið helgihald nú á dögum
- ~ þekki postullegu trúarjátninguna og geri sér grein fyrir því að hún felur í sér grundvallaratriði kristinnar trúar og er sameiginlegur arfur nær allra kristinna kirkjudeilda
- ~ kynnist íslenskum sálmakveðskap á 20. öld
- ~ þekki algengustu tákni kristinnar og merkingu þeirra og fái tækifæri til að kynnast því hvernig listamenn hafa notað þau í listsköpun sinni
- ~ fræðist um uppruna og útbreiðslu hindúasiðar
- ~ þekki dæmi um helgirit hindúasiðar og kynnist völdum textum úr þeim
- ~ þekki guðsmynd og trúariðkun hindúa
- ~ kynnist öðrum völdum þáttum úr hindúasið, m.a. helgistöðum, musterum, táknum, hátíðum og siðum

#### Inntak

Megin viðfangsefni námssviðsins eru sköpunarsagan, dómara- og konungatímabilið, jólin, dæmisögur Jesú, páskarnir, hvítasunnan og hindúatrú.

#### Námsefni

Unnið er með Ljós heimsins og Hindúatrú - Guð í mörgum myndum.

#### Kennsluaðferðir og skipulag

Samlestur á efni, umræður, myndasöguvinna, hópaverkefni og kynningar.

Bekkirnir setja upp jólaguðspjallið og leika á sviði.

#### Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áherslupáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Umsögn í lok skólaárs.

*Ath. kennari áskilur sér rétt til breytinga á áætluninni! Ef ósamræmi er á milli áætlunar og heimanáms skal fara eftir því sem stendur á Mentor.*

## Námsáætlun

Tímabil	Dagar	Viðfangsefni, námsefni	Kennsluáferðir, vinnubrögð
22. - 26. ág.	4	Ljós heimsins, Sköpunarverkið bls. 7 - 22	Nemendur lesa um sköpunarsöguna og færa hana í myndasöguform.
29. ág. - 2. sept.	5		
5. - 9. sept.	5	Dómararnir, bls. 23 - 30 Ísrael verður konungsríki, bls. 31 - 51	Nemendur skipt í sérfræðihópa og vinna með a) Debóru b) Gídeon c) Samúel d) Sál og Davíð e) Salómon Hóparnir lesa og kynna sér efnið vel, ákveða framsetningu efnis og undirbúa kynningu.
12. - 16. sept.	5		
19. - 23. sept.	5		
26. - 30. sept.	4		
3. - 7. okt	2		
10. - 14. okt.	5		
17. - 21. okt.	5		
24. - 28. okt.	3		
31. okt. - 4. nóv.	5		
7. - 11. nóv.	3		
14. - 18. nóv.	5		
21. - 25. nóv.	5	Jólin nálgast, bls. 52 - 58.	Nemendur læra um jólaguðspjallið og sýna leikrit á sal. Umræður um jólahald og boðskap jólanna.
28. nóv. - 2. des.	5		
5. - 9. des.	5		
12. - 16. des.	5		
19. - 20. des.	1	Jólafrí	
2. - 6. jan.	3	Jesús segir dæmisögur, bls. 59 - 77	Dæmisögur lesnar og ræddar.
9. - 13. jan.	5		
16. - 20. jan.	5		
23. - 27. jan.	4	Dæmisögur um Guðsríki, bls. 78 - 85	Dæmisögur lesnar og ræddar.
30. jan. - 3. feb.	5		
6. - 10. feb.	5		

*Ath. kennari áskilur sér rétt til breytinga á áætluninni! Ef ósamræmi er á milli áætlunar og heimanáms skal fara eftir því sem stendur á Mentor.*

## Námsáætlun

13. - 17. feb.	5		
20. - 24. feb.	2		
27. feb. - 2. mars	5		
5. - 9. mars	5		
12. - 16. mars	5	Páskar	Atburðir kyrruviku og páskadags rifjaðir upp. Viðbrögð lærisveinanna við fréttum af upprisu Jesú rædd.
19. - 23. mars	5		
26. - 30. mars	5		
2. - 6. apr.		Páskafri	
9. - 13. apr.	4	Eftir upprisuna, bls. 95 - 104	Upphaf að útbreiðslu kristinnar trúar og fyrstu árin í starfi kirkjunnar rifjað upp. Páll postuli kynntur ásamt trúarjátningunni.
16. - 20. apr.	3		
23. - 27. apr.	5	Hindú	Nemendum skipt í hópa.  Lesið um sögu trúarinnar, helstu guð, helgirit, siði og hátíðir.  Nemendur vinna verkefni og kynna fyrir bekkjarfélögum.
30. apr. - 4. maí	4		
7. - 11. maí	5		
14. - 18. maí	4		
21. - 25. maí	4		
28. maí - 1. júní	4		

Mat á áætlun og tillögur að breytingum

*Ath. kennari áskilur sér rétt til breytinga á áætluninni! Ef ósamræmi er á milli áætlunar og heimanáms skal fara eftir því sem stendur á Mentor.*